

Merkjasamkeppni fyrir Hönnunarmiðstöð Íslands – haldin í samvinnu við FÍT, Félag íslenskra teiknara

Leitað er að nýju merki eða tákni fyrir Hönnunarmiðstöð Íslands. Hönnunarmiðstöð Íslands mun ganga undir heitinu Hönnunarmiðstöð og enska heitið „Iceland Design Center“ verður að standa með merkinu. Mögulegt er að nota skammstöfun HM eða HMÍ en það er alls ekki hugmyndin að kalla miðstöðina þeim nöfnum.

Merki Hönnunarmiðstöðvar Íslands þarf að vera, einfalt, nútímalegt. Glæsilegt merki og viðeigandi fyrir fyrirtæki sem hefur það að aðalmarkmiði að auka virðingu fyrir hönnun og arkitektúr og efla skilning á mikilvægu starfi hönnuða og arkitekta fyrir allt samfélagið.

Hönnunarmiðstöð Íslands er ætlað að efla hvers kyns hönnun sem mikilvægan þátt í íslensku atvinnulífi og að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslensks efnahagslífs. Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir hönnun og arkitektúr þar sem unnið er að fjölbreyttum verkefnum í samvinnu við öflugt net samstarfsaðila. Miðstöðin mun bjóða upp á ráðgjöf fyrir hönnuði og fyrirtæki í tengslum við vörubrúun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning, ásamt því að leiða fagmenntaða hönnuði og fyrirtæki saman í nýsköpunar- og vörubrúunarverkefnum. Starf hönnunarmiðstöðvar verður ekki sist til þess að efla lítil og meðalstór fyrirtæki, t.d. sprota- og frumkvöðlafyrirtæki, sem hafa takmarkað fjármagn og þekkingu til að sinna þessum mikilvæga þætti í framleiðslu og starfsemi almennt.

Hönnunarmiðstöð mun auðvelda aðgengi að upplýsingum um hönnun á Íslandi og halda úti öflugum gagnabanka á vefnum fyrir íslenska hönnuði, fyrirtæki og erlenda aðila. Hún mun stuðla að aukinni rannsóknarvinnu og hönnunartengdum verkefnum í samvinnu við háskóla og fyrirtæki auk þess að standa reglulega fyrir ráðstefnum og sýningum sem skapa faglega umræðu og menntun á sviði hönnunar. Íslensk hönnun verður kynnt sem mikilvægur hluti af menningu og ímynd lands og þjóðar. Vakin verður athygli á framúrskarandi íslenskrari hönnun erlendis og leitast við að greiða fyrir markaðssetningu. Níu félög hönnuða eiga Hönnunarmiðstöð Íslands en það eru Arkitektafélag Íslands, Félag vöru- og iðnhönnuða, Félag íslenskra gullsmíða, Leiristafélagið, Félag húsgagna og innanhússarkitekta, Félag íslenskra teiknara, Félag fatahönnuða, Textílfélagið og Félag landslagsarkitekta. Félagsmenn í þessum níu félögum eru núna um 1500.

Tillögur

Skila skal tillögu að fullnu merki Hönnunarmiðstöðvar auk tillögu að pappírsögnum og ef vill grunnútlit á vef. Fyrir utan merkið er hönnuðum frjálst að vinna aðrar tillögur eins langt og þeim hentar. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir fullvinnslu prentgagna. Hönnunarmiðstöð Íslands áskilur sér rétt til að vinna með merki og útlit eins og þarf.

Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni til Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Aðalstræti 10, 101 Reykjavík, fyrir kl. 12.00, föstudaginn 18. júlí 2008. Í aðalumslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Merkinu skal skila útprentuðu á A4 blaði í lit. Aðrar útlitstillögur skulu einnig vera á A4 útprentun. Tillögur skulu einnig fylgja með á disk, í pdf og vektorskjölum. Keppnin er haldin samkvæmt samkeppnisreglum FÍT. Aðeins félögum í FÍT er heimil þátttaka.

Verðlaunaféð er 500 þús. sem sigurvegarinn í keppninni hlýtur.

Framkvæmd

FÍT sér um framkvæmd keppinnar og val á þrem fagmönnum í dómnefnd; Bjarni Helgason, Tryggvi T. Tryggvason og Sól Hrafnadóttir. Hönnunarmiðstöð skipar 2 dómara; Gunnar Hilmarsson, formann stjórnar Hönnunarmiðstöðvar og Höllu Helgadóttur, framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar. Dómnefndarstórf fara fram 21.-31. júlí. Dómnefnd áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum.

Sýning

Haldin verður sýning á öllum innsendum tillögum í ágúst og niðurstaðan kynnt.

Allar nánari upplýsingar á honnunarmidstod.is og teiknara.is.

Ef einhver vafamál koma upp má leita til trúnaðarmanns keppinnar og formanns FÍT, Harðar Lárússonar í síma 699 0090 eða um netfangið hordur@atli.is.

